

Samkomulag

milli

Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins

um vinnustaðaskírteini og framkvæmd eftirlits á vinnustöðum

(tók gildi 15. ágúst 2010 með breytingum frá 5. maí 2011, 16. apríl 2013 og 31. maí 2024)

1. gr.

Samkomulag þetta er gert með heimild í lögum um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum. Það nær til atvinnurekenda og starfsmanna þeirra sem starfa innan þeirra starfsgreina sem tilgreindar eru í samkomulagi þessu.

2. gr.

Gildissvið

Samkomulag þetta nær til atvinnurekenda og starfsmanna þeirra sem vinna við byggingastarfsemi og mannvirkjagerð, rekstur gististaða, söluturna og veitingarekstur, húsgagna- og innréttingaiðnað, gleriðnað og skylda starfsemi, kjötiðnað, bakstur, bílgreinar, rafiðnað, ýmsar málm- og véltæknigreinar, veitustarfsemi, fjarskipti og upplýsingastarfsemi og öryggisþjónustu, ræktun nytjajurta, svína- og alifuglarækt, eggjaframleiðslu, farþegaflutninga á landi og ferðaþjónustu, skróðgarðyrkju, fiskvinnslu, hreingerningarþjónustu, í matvöruverslunum (ekki stórmörkuðum), aðra blandaða smásölu og ýmsa þjónustustarfsemi eins og framangreind starfsemi er afmörkuð í fylgiskjölum 1 - 3.

Atvinnurekendur og starfsmenn þeirra sem ekki eru taldir upp í 1. mgr. en vegna vinnu sinnar sinna verkefnum í slíkum fyrirtækjum skulu bera vinnustaðaskírteini þegar þeir eru við þau störf.

Samkomulagið nær þó ekki til annarra atvinnurekenda og starfsmanna skv. 1. og 2. mgr. en þeirra sem falla undir starfsgreinaflokkunina skv. ÍSTARF95 sem hér segir: Bálk 7, 8 og 9: Deildir 51.; Klasa 122, 131, 312, 611, 612 og 613: Starfaflokka: 4221, og 5221.*

Samráðsnefnd er heimilt að skilgreina nánar hvaða störf skv. ÍSTARF95 falla undir samkomulag þetta.

3. gr.

Orðskýringar:

Atvinnurekandi: Lögaðili eða sjálfstætt starfandi einstaklingur sem rekur atvinnustarfsemi á innlendum vinnumarkaði eða sendir starfsmenn til Íslands í tengslum við veitingu þjónustu.

* Flokkun skv. 2. útgáfu ÍSTARF95. Sjá: https://hagstofa.is/media/42603/istarf95_2utg_allt.pdf

Starfsmaður: Einstaklingur sem ráðinn er beint til atvinnurekanda eða kemur til starfa með milligöngu starfsmannaleigu.

Vinnustaðaskírteini: Skírteini sem atvinnurekandi útbýr með upplýsingum um atvinnurekanda og starfsmann. Ef um starfsmann starfsmannaleigu er að ræða skal tilgreina heiti starfsmannaleigu í stað atvinnurekanda.

Eftirlitsfulltrúi: Starfsmaður stéttarfélags eða samtaka vinnuveitenda sem hefur heimild samráðsnefndar ASÍ og SA til eftirlits á vinnustöðum.

4. gr.

Atvinnurekandi, sem samkomulag þetta nær til, skal sjá til þess að starfsmenn fái vinnustaðaskírteini þegar þeir hefja störf.

Atvinnurekandi og starfsmenn hans skulu bera skírteini á sér og vera reiðubúnir að framvísa því, sé þess óskað af eftirlitsfulltrúa. Þar sem óhentugt er vegna aðstæðna, t.d. vinnufatnaðar, að starfsmenn beri skírteini á sér, er heimilt að staðsetja þau á öðrum stað þar sem starfsmenn og eftirlitsfulltrúar geta vitjað þeirra.

5. gr.

Á vinnustaðaskírteini skulu koma fram eftirfarandi upplýsingar:

- Nafn / heiti atvinnurekanda eins og það er skráð í fyrirtækjaskrá eða heiti starfsmannaleigu eins og það er skráð hjá Vinnumálastofnun.
- Kennitala atvinnurekanda.
Ef um erlent fyrirtæki er að ræða, sem ekki er með skráða kennitölu hér á landi, skal tilgreina nafn þess og virðisaukaskattsnúmer eða aðra sambærilega heimild um starfsemina sem sýnir fram á að fyrirtækið starfi löglega í heimaríki sínu.
- Nafn og kennitala viðkomandi starfsmanns ásamt mynd. Hafi starfsmaður erlends þjónustufyrirtækis ekki íslenska kennitölu skal í stað kennitölu skrá fæðingardag og ár.
- Starfsheiti starfsmanns skal tilgreint og skal það vera í samræmi við starfið sem starfsmaðurinn er ráðinn til. Í þeim tilfellum þar sem starfið og/eða starfsheitið er lögverndað skal starfsheitið vera í samræmi við reglur þar um.

Staðlaráð Íslands hefur gefið út staðal um gerð vinnustaðaskírteina, ÍST 132:2012.

Atvinnurekanda er heimilt að gefa út rafræn vinnustaðaskírteini sem hægt er að framvísa í farsíma eða framsenda beint frá atvinnurekanda til eftirlitsfulltrúa.**

Á vefnum www.skirteini.is er fjallað nánar um gerð vinnustaðaskírteina.

6. gr.

Upplýsingagjöf

** SA standa ásamt SI, SAF og SVP að lausninni hverertu.is

Eftirlitsfulltrúi skráir niður upplýsingar sem koma fram á vinnustaðaskírteini í sérstakan gagnagrunn.

Eftirlitsfulltrúi skal senda upplýsingar sem fram koma á vinnustaðaskírteinum til þeirra opinberu aðila sem tilgreindir eru í lögum um vinnustaðaskírteini. Form og tíðni upplýsingagjafar fer eftir óskum hlutaðeigandi aðila.

Sé ekki trúnaðarmaður stéttarfélags á vinnustað getur eftirlitsmaður á þess vegum óskað eftir aðgangi að upplýsingum á grundvelli samkomulags ASÍ og SA um útlendinga á íslenskum vinnumarkaði.

Öll vinnsla persónuupplýsinga í miðlægum gagnagrunni skal vera skv. lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Sérstaklega skal gæta að skráningu og vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga.

7. gr.

Eftirlitsfulltrúar

Stéttarfélög, samtök þeirra og samtök vinnuveitenda geta óskað eftir því við samráðsnefnd ASÍ og SA að starfsmaður þeirra verði tilnefndur eftirlitsfulltrúi.

Eftirlitsfulltrúar skulu fylgja ákvörðunum samráðsnefndar ASÍ og SA um framkvæmd eftirlitsins.

Eftirlitsfulltrúar skulu undirrita trúnaðaryfirlýsingu áður en þeir hefja störf.

8. gr.

Framkvæmd eftirlits

Þegar eftirlitsfulltrúi kemur á starfsstöð atvinnurekanda skal hann tilkynna fulltrúa atvinnurekanda (stjórnanda) um komu sína.

Eftirlitsfulltrúi skal vera búinn þeim persónuhlífum sem almenn krafa er um á vinnustöðum og virða þær öryggisreglur sem á vinnustað gilda.

Eftirlitsfulltrúi getur óskað þess að trúnaðarmaður hlutaðeigandi stéttarfélags veiti aðstoð við eftirlit.

Eftirlitsfulltrúa er heimilt að afhenda starfsmönnum upplýsingar um kaup og önnur starfskjör samkvæmt kjarasamningum hlutaðeigandi starfsstéttar og yfirlit yfir lög- og samningsbundin réttindi og skyldur.

Eftirliti skal þannig háttað að sem minnst röskun verði fyrir starfseminu. Á vinnusvæðum þar sem gilda sérstakar takmarkanir vegna öryggismála er við það miðað að eftirlit fari fram á svæðum þar sem starfsfólk tekur sér hlé frá störfum, s.s. matstofum. Sama á við þar sem starfsfólk vinnur við vélar sem stjórna vinnuhrða eða ekki hægt að víkja frá vegna framleiðslunnar, s.s. í fiskvinnslu. Atvinnurekanda eða fulltrúa hans er að öðru leyti óheimilt að hafa áhrif á framkvæmd eftirlits.

Á framkvæmdarsvæðum skal aðalverktaki, eða eftir atvikum stýriverktaki, vera með aðgengilega skrá yfir öll fyrirtæki sem starfandi eru hverju sinni í undirverktöku fyrir bæði aðalverktaka eða

undirverktaka í viðkomandi verki. Óski eftirlitsfulltrúi eftir slíkri skrá ber aðalverktaka að afhenda hana á verkstað.

9. gr.

Samráðsnefnd

Samráðsnefnd ASÍ og SA um framkvæmd vinnustaðaeftirlits skal skipuð tveimur fulltrúum ASÍ og tveimur frá SA.

Samráðsnefnd skal annast kynningu þessa samkomulags og laga um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum og greiða fyrir upptöku vinnustaðaskírteina, m.a. með gerð fyrirmynda að skírteinum og sérstöku vefsvæði.

Samráðsnefndin ákveður til hvaða starfa eftirlit nær, innan ramma samkomulags þessa.

Samráðsnefndin hefur yfirumsjón með framkvæmd eftirlits, ákveður áherslur í eftirlitsstarfi í nánu samstarfi við skattfyrirvöld og Vinnumálastofnun. Samráðsnefnd er heimilt að fela eftirlitsmönnum sérstök verkefni í tengslum við eftirlit.

Nefndin skal útbúa sérstök skírteini fyrir eftirlitsfulltrúa. Á þeim skal vera mynd af eftirlitsfulltrúa ásamt nafni og heiti félags / samtaka þar sem hann starfar. Skírteinin eru gefin út til 12 mánaða í senn. Heimilt er að afturkalla leyfi til eftirlits hafi eftirlitsmaður brotið gegn samkomulagi þessu, lögum um vinnustaðaskírteini eða ákvörðunum samráðsnefndar. Heimild fellur sjálfkrafa niður hætti eftirlitsmaður störfum hjá félagi / samtökum.

Nefndin heldur skrá yfir eftirlitsfulltrúa og birtir á vef.

Atvinnurekendum, sem undir eftirlit falla, eftirlitsmönnum og öðrum þeim sem koma að vinnustaðaeftirliti er heimilt að beina kvörtunum til samráðsnefndar. Nefndin skal kanna tilefni kvörtunar og beina tilmælum til aðila, sé þess þörf.

10. gr.

Gildistaka

Samkomulag þetta tekur þegar gildi.

Reykjavík, 15. júní 2010, 5. maí 2011, 16. apríl 2013 og 31. maí 2024

F.h. samninganefndar Alþýðusambands Íslands

F.h. Samtaka atvinnulífsins

Fylgiskjal 1

Samkomulag ASÍ og SA nær til atvinnurekenda í eftirfarandi starfsemi, eins og hún er skilgreind í [atvinnugreinaflokkun ÍSAT2008](#):

FRAMLEIÐSLA (bálgur C)

10			Matvælaframleiðsla
	10.1		Kjötiðnaður
		10.11 10.11.0	Slátrun og vinnsla á kjöti, þó ekki alifuglakjöti
		10.12 10.12.0	Slátrun og vinnsla á alifuglakjöti
		10.13 10.13.0	Framleiðsla á kjötafurðum
	10.6		Framleiðsla á kornvöru, mjölva og mjölvavöru
		10.61 10.61.0	Framleiðsla á kornvöru
		10.62 10.62.0	Framleiðsla á mjölva og mjölvavöru
	10.7		Framleiðsla á bakarís- og mjölkenndum vörum
		10.71 10.71.0	Framleiðsla á brauði, nýju sætabrauði og kökum
		10.72 10.72.0	Framleiðsla á tvíbökum og kexi, framleiðsla á geymsluþolnu sætabrauði og kökum
		10.73 10.73.0	Framleiðsla á pastavörum og svipuðum vörum
23			Framleiðsla á vörum úr málmlausum steinefnum
	23.1		Framleiðsla á gleri og vörum úr gleri
		23.11 23.11.0	Framleiðsla á flotgleri
		23.12 23.12.0	Skurður og vinnsla á flotgleri
		23.13 23.13.0	Framleiðsla á glerílátum
		23.14 23.14.0	Framleiðsla á glertrefjum
		23.19 23.19.0	Framleiðsla og vinnsla á öðru gleri, þ.m.t. glervara til tæknilegra nota
	23.2	23.20 23.20.0	Framleiðsla á eldföstum vörum
	23.3		Framleiðsla á byggingarefnum úr leir
		23.31 23.31.0	Framleiðsla á flísum og hellum úr leir
		23.32 23.32.0	Framleiðsla á byggingarvörum úr brenndum leir
	23.4		Framleiðsla á annarri postulíns- og leirvöru
		23.41 23.41.0	Framleiðsla á heimilisvörum og skrautmunum úr leir og postulíni
		23.42 23.42.0	Framleiðsla á hreinlætistækjum úr leir og postulíni
		23.43 23.43.0	Framleiðsla á einangrurum og tengjum úr leir
		23.44 23.44.0	Framleiðsla á annarri leirvöru til tæknilegra nota
		23.49 23.49.0	Framleiðsla á öðrum leirvörum
	23.5		Framleiðsla á sementi, kalki og gifsi
		23.51 23.51.0	Sementsframleiðsla
		23.52 23.52.0	Kalk- og gifsframleiðsla
	23.6		Framleiðsla á vörum úr steinsteypu, sementi og gifsi
		23.61 23.61.0	Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu

	23.62	23.62.0	Framleiðsla á byggingarefni úr gifsi
	23.63	23.63.0	Framleiðsla á tilbúinni steinsteypu
	23.64	23.64.0	Framleiðsla á steinlími
	23.65	23.65.0	Framleiðsla á vörum úr trefjasementi
	23.69	23.69.0	Framleiðsla á öðrum vörum úr steinsteypu, sementi og gifsi
23.7	23.70	23.70.0	Steinsmíði
23.9			Framleiðsla á öðrum vörum úr málmlausum steinefnum
	23.91	23.91.0	Framleiðsla á vörum til slípunar
	23.99	23.99.0	Framleiðsla á öðrum ótöldum vörum úr málmlausum steinefnum
24			Framleiðsla málma
24.1	24.10	24.10.0	Framleiðsla á járn, stáli og járnblendi
24.2	24.20	24.20.0	Framleiðsla á rörum, pípum, holum prófílum og tengihlutum úr stáli
24.3			Framleiðsla á öðrum vörum úr frumunnu stáli
	24.31	24.31.0	Kalldráttur stanga
	24.32	24.32.0	Kaldvölsun flatstáls
	24.33	24.33.0	Kaldrmótun
	24.34	24.34.0	Kalldráttur víra
24.4			Framleiðsla góðmálma og málma sem ekki innihalda járn
	24.41	24.41.0	Framleiðsla góðmálma
	24.42	24.42.0	Álframleiðsla
	24.43	24.43.0	Blý-, sink- og tinframleiðsla
	24.44	24.44.0	Koparframleiðsla
	24.45	24.45.0	Framleiðsla annarra málma sem ekki innihalda járn
	24.46	24.46.0	Vinnsla á kjarnorkueldsneyti
24.5			Málmsteypa
	24.51	24.51.0	Járnsteypa
	24.52	24.52.0	Stálsteypa
	24.53	24.53.0	Steypa léttmálma
	24.54	24.54.0	Steypa annarra málma sem ekki innihalda járn
25			Framleiðsla á málmvörum, að undanskildum vélum og búnaði
25.1			Framleiðsla á byggingarefni úr málmi
	25.11	25.11.0	Framleiðsla á burðarvirkjum og byggingareiningum úr málmi
	25.12	25.12.0	Framleiðsla á hurðum og gluggum úr málmi
25.2			Framleiðsla á geymum, kerum og ílátum úr málmi
	25.21	25.21.0	Framleiðsla á miðstöðvarofnum og -kötlum
	25.29	25.29.0	Framleiðsla á öðrum geymum, kerum og ílátum úr málmi
25.3	25.30	25.30.0	Framleiðsla á gufukötlum, þó ekki miðstöðvarkötlum
25.4	25.40	25.40.0	Vopna- og skotfæraframleiðsla
25.5	25.50	25.50.0	Eldsmíði og önnur málmsmíði; sindurmótun
25.6			Meðhöndlun og húðun málma, vélvinnsla
	25.61	25.61.0	Meðhöndlun og húðun málma
	25.62	25.62.0	Vélvinnsla málma
25.7			Framleiðsla á eggjárn, verkfærum og ýmiss konar járnvöru
	25.71	25.71.0	Framleiðsla á hnífapörum, hnífum, skærum, o.þ.h.
	25.72	25.72.0	Framleiðsla á lásnum og lömum
	25.73	25.73.0	Framleiðsla á verkfærum, þó ekki vélknúnum
25.9			Framleiðsla annarra málmvara

	25.91	25.91.0	Framleiðsla á stáltunnum og svipuðum ílátum
	25.92	25.92.0	Framleiðsla á umbúðum úr léttmálmi
	25.93	25.93.0	Framleiðsla á keðjum, fjöðrum og vörum úr vír
	25.94	25.94.0	Framleiðsla á boltum og skrúfum
	25.99	25.99.0	Framleiðsla á öðrum ótöldum málmvörum
27			Framleiðsla á rafbúnaði og heimilistækjum
	27.1		Framleiðsla á rafhreyflum, rafölum, spennubreytum og dreifi- og stjórnþúnaði fyrir rafmagn
		27.11 27.11.0	Framleiðsla á rafhreyflum, rafölum og spennubreytum
		27.12 27.12.0	Framleiðsla á dreifi- og stjórnþúnaði fyrir raforku
	27.2	27.20 27.20.0	Framleiðsla rafhlaðna og rafgeyma
	27.3		Framleiðsla á leiðslum, köplum og leiðslubúnaði
		27.31 27.31.0	Framleiðsla á ljósleiðaraköplum
		27.32 27.32.0	Framleiðsla á öðrum rafeinda- og rafmagnsvírum og köplum
		27.33 27.33.0	Framleiðsla á leiðslubúnaði
	27.4	27.40 27.40.0	Framleiðsla á rafljósabúnaði
	27.5		Framleiðsla á heimilistækjum
		27.51 27.51.0	Framleiðsla rafknúinna heimilistækja
		27.52 27.52.0	Framleiðsla heimilistækja, annarra en rafknúinna
	27.9	27.90 27.90.0	Framleiðsla á öðrum rafbúnaði
28			Framleiðsla á öðrum ótöldum vélum og tækjum
	28.1		Framleiðsla á vélum til almennra nota
		28.11 28.11.0	Framleiðsla hreyfla og hverfla, þó ekki í loftför, ökutæki eða vélhjól
		28.12 28.12.0	Framleiðsla á vökvaafsbúnaði
		28.13 28.13.0	Framleiðsla á öðrum dælum og þjöppum
		28.14 28.14.0	Framleiðsla á krönum og lokum
		28.15 28.15.0	Framleiðsla á legum, tannhjólum, drifum og drifbúnaði
	28.2		Framleiðsla á öðrum vélum til almennra nota
		28.21 28.21.0	Framleiðsla á ofnum, bræðsluofnum og brennurum
		28.22 28.22.0	Framleiðsla á lyftitækjum og færslubúnaði
		28.23 28.23.0	Framleiðsla á skrifstofuvélum og –búnaði, þó ekki tölvum og jaðarbúnaði
		28.24 28.24.0	Framleiðsla á aflknúnum handverkfærum
		28.25 28.25.0	Framleiðsla á kæli- og loftræstibúnaði, þó ekki til heimilisnota
		28.29 28.29.0	Framleiðsla á öðrum ótöldum vélum til almennra nota
	28.3	28.30 28.30.0	Framleiðsla á vélum til nota í landbúnaði og skógrækt
	28.4		Framleiðsla á vélum til mótunar á málmi og smíðavélum
		28.41 28.41.0	Framleiðsla á vélum til mótunar á málmi
		28.49 28.49.0	Framleiðsla á öðrum ótöldum smíðavélum
	28.9		Framleiðsla á öðrum sérhæfðum vélum
		28.91 28.91.0	Framleiðsla á vélum til málmvinnslu
		28.92 28.92.0	Framleiðsla á vélum til mannvirkjagerðar, námugraftrar og vinnslu hráefna úr jörðu
		28.93 28.93.0	Framleiðsla á vélum fyrir matvæla-, drykkjarvöru- og tóbaksvinnslu
		28.94 28.94.0	Framleiðsla á vélum fyrir textíl-, fata- og leðurframleiðslu
		28.95 28.95.0	Framleiðsla á vélum til pappírs- og pappaframleiðslu
		28.96 28.96.0	Framleiðsla á vélum til plast- og gúmmívinnslu
		28.99 28.99.0	Framleiðsla á öðrum ótöldum sérhæfðum vélum

29			Framleiðsla á vélknúnum ökutækjum og tengivögnum	
	29.1	29.10	29.10.0	Framleiðsla vélknúinna ökutækja
	29.2	29.20	29.20.0	Smíði yfirbygginga fyrir vélknúin ökutæki og framleiðsla tengivagna
	29.3			Framleiðsla á íhlutum og aukabúnaði í vélknúin ökutæki og hreyfla þeirra
		29.31	29.31.0	Framleiðsla á raf- og rafeindabúnaði í vélknúin ökutæki og hreyfla þeirra
		29.32	29.32.0	Framleiðsla á öðrum íhlutum og aukabúnaði í vélknúin ökutæki og hreyfla þeirra
30				Framleiðsla annarra farartækja
	30.1			Skipa- og bátasmíði
		30.11	30.11.0	Smíði skipa og annarra fljótandi mannvirkja
		30.12	30.12.0	Smíði skemmti- og sportbáta
	30.2	30.20	30.20.0	Framleiðsla eimreiða og járnbrautarvagna
	30.3	30.30	30.30.0	Framleiðsla á loft- og geimförum og tengdum vélbúnaði
	30.4	30.40	30.40.0	Framleiðsla á hernaðarökutækjum
	30.9			Framleiðsla ótalinna farartækja
		30.91	30.91.0	Framleiðsla vélhjóla
		30.92	30.92.0	Framleiðsla á reiðhjólum, barnavögnum og farartækjum fyrir hreyfihamlaða
		30.99	30.99.0	Framleiðsla annarra ótalra farartækja
31				Framleiðsla á húsgögnum og innréttingum
	31.0			Framleiðsla á húsgögnum og innréttingum
		31.01	31.01.0	Framleiðsla á húsgögnum og innréttingum fyrir atvinnuhúsnaði
		31.02	31.02.0	Framleiðsla á húsgögnum og innréttingum í eldhús
		31.03	31.03.0	Framleiðsla á dýnum
		31.09	31.09.0	Framleiðsla á öðrum húsgögnum og innréttingum
33				Viðgerðir og uppsetning vélbúnaðar og tækja
	33.1			Viðgerðir á málmvörum, vélum og búnaði
		33.11	33.11.0	Viðgerðir á málmvörum
		33.12	33.12.0	Viðgerðir á vélbúnaði
		33.13	33.13.0	Viðgerðir á rafeindabúnaði og optískum tækjum
		33.14	33.14.0	Viðgerðir á rafbúnaði
		33.15	33.15.0	Viðgerðir og viðhald á skipum og bátum
		33.16	33.16.0	Viðgerðir og viðhald á loftförum og geimförum
		33.17	33.17.0	Viðgerðir og viðhald á öðrum ótöldum flutningatækjum
		33.19	33.19.0	Viðgerðir á öðrum búnaði
	33.2	33.20	33.20.0	Uppsetning á vélum og búnaði til nota í atvinnuskyni

RAFMAGNS-, GAS- OG HITAVEITUR (bálkur D)

35			Rafmagns-, gas- og hitaveitur	
	35.1		Raforkuframleiðsla, flutningur og dreifing	
		35.11	35.11.0	Framleiðsla rafmagns
		35.12	35.12.0	Flutningur rafmagns
		35.13	35.13.0	Dreifing rafmagns

	35.14	35.14.0	Viðskipti með rafmagn
35.2			Gasframleiðsla; dreifing á loftkenndu eldsneyti um leiðslur
	35.21	35.21.0	Gasframleiðsla
	35.22	35.22.0	Dreifing á loftkenndu eldsneyti um leiðslur
	35.23	35.23.0	Viðskipti með gas um leiðslur
35.3	35.30	35.30.0	Hitaveita; kæli- og loftræstiveita

VATNSVEITA, FRÁVEITA, MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS OG AFMENGUN (báلكur E)

36 36.0 36.00 36.00.0 Vatnsveita, öflun og meðferð vatns

37 37.0 37.00 37.00.0 Fráveita

BYGGINGARSTARFSEMI OG MANNVIRKJAGERÐ (báلكur F)

41			Bygging húsnæðis; þróun byggingarverkefna
	41.1	41.10 41.10.0	Þróun byggingarverkefna
	41.2	41.20 41.20.0	Bygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis
42			Mannvirkjagerð
	42.1		Vegagerð og lagning járnbrauta
		42.11 42.11.0	Vegagerð
		42.12 42.12.0	Lagning járnbrauta og neðanjarðarjárnbrauta
		42.13 42.13.0	Brúarsmíði og jarðgangagerð
	42.2		Gerð þjónustumannvirkja
		42.21 42.21.0	Gerð þjónustumannvirkja fyrir vatn
		42.22 42.22.0	Bygging þjónustumannvirkja fyrir rafmagn og fjarskipti
	42.9		Bygging annarra mannvirkja
		42.91 42.91.0	Gerð vatnsmannvirkja
		42.99 42.99.0	Bygging annarra ótalinna mannvirkja
43			Sérhæfð byggingarstarfsemi
	43.1		Niðurrif og undirbúningur byggingarsvæðis
		43.11 43.11.0	Niðurrif
		43.12 43.12.0	Undirbúningsvinna á byggingarsvæði
		43.13 43.13.0	Tilraunaboranir og borvinna
	43.2		Raflagnir, pípulagnir og önnur starfsemi við uppsetningu í byggingariðnaði
		43.21 43.21.0	Raflagnir
		43.22 43.22.0	Pípulagnir, uppsetning hitunar- og loftræstikerfa
		43.29 43.29.0	Önnur uppsetning í mannvirki
	43.3		Frágangur bygginga
		43.31 43.31.0	Múrhúðun
		43.32 43.32.0	Uppsetning innréttinga
		43.33 43.33.0	Lagning gólfefna og veggefna
		43.34	Málningarvinna og glerjun
		43.34.1	Málningarvinna
		43.34.2	Glerjun
		43.39 43.39.0	Annar frágangur bygginga
	43.9		Önnur sérhæfð byggingarstarfsemi

43.91	43.91.0	Vinna við þök
43.99	43.99.0	Önnur ótalin sérhæfð byggingarstarfsemi

HEILD- OG SMÁSÖLUVERSLUN, VIÐGERÐIR Á VÉLKNÚNUM ÖKUTÆKJUM (bálgur G)

45			Sala, viðgerðir og viðhald á vélknúnum ökutækjum og tengivögnum
45.1			Sala vélknúinna ökutækja, þó ekki vélhjóla
	45.11	45.11.0	Bílasala
	45.19		Sala á öðrum vélknúnum ökutækjum og tengivögnum, þó ekki vélhjólum
		45.19.1	Sala á húsbílum og húsvögnum
		45.19.9	Sala á öðrum ótöldum vélknúnum ökutækjum og tengivögnum
45.2	45.20		Bíla viðgerðir og viðhald
		45.20.1	Almenn bílaverkstæði
		45.20.2	Bílaréttingar og -sprautun
		45.20.3	Dekkjaverkstæði og smurstöðvar
		45.20.4	Bón- og þvottastöðvar
45.3			Sala varahluta og aukabúnaðar í bíla
	45.31	45.31.0	Heildverslun með varahluti og aukabúnað í bíla
	45.32	45.32.0	Smásala á varahlutum og aukabúnaði í bíla
45.4	45.40	45.40.0	Sala, viðhald og viðgerðir vélhjóla og hluta og aukabúnaðar til þeirra
47			Smásöluverslun, að undanskildum vélknúnum ökutækjum
47.1		47.11.2	Söluturnar

REKSTUR GISTISTAÐA OG VEITINGAREKSTUR (bálgur I)

55			Rekstur gististaða
55.1	55.10		Hótel og gistiheimili
		55.10.1	Hótel og gistiheimili með veitingaþjónustu
		55.10.2	Hótel og gistiheimili án veitingaþjónustu
55.2	55.20	55.20.0	Orlofsdvalarstaðir og annars konar gistiaðstaða
55.3	55.30	55.30.0	Tjaldsvæði, svæði fyrir húsbíla og hjólhýsi
55.9	55.90	55.90.0	Önnur gistiaðstaða
56			Veitingasala og -þjónusta
56.1	56.10	56.10.0	Veitingastaðir
56.2			Veisluþjónusta og önnur veitingaþjónusta
	56.21	56.21.0	Veisluþjónusta
	56.29	56.29.0	Önnur ótalin veitingaþjónusta
56.3	56.30	56.30.0	Krár, kaffihús og dansstaðir o.þ.h.

UPPLÝSINGAR OG FJARSKIPTI (bálgur J)

61	Fjarskipti
-----------	-------------------

61.1	61.10	61.10.0	Fjarskipti um streng
61.2	61.20	61.20.0	Þráðlaus fjarskipti
61.3	61.30	61.30.0	Gervihnattafjarskipti
61.9	61.90	61.90.0	Önnur fjarskiptastarfsemi

62

			Þjónustustarfsemi á sviði upplýsingatækni
62.0			Þjónustustarfsemi á sviði upplýsingatækni
	62.01	62.01.0	Hugbúnaðargerð
	62.02	62.02.0	Ráðgjafarstarfsemi á sviði upplýsingatækni
	62.03	62.03.0	Rekstur tölvukerfa
	62.09	62.09.0	Önnur þjónustustarfsemi á sviði upplýsingatækni

LEIGU STARFSEMI OG ÝMIS SÉRHÆFD ÞJÓNUSTA (bálkur N)

77

			Leigustarfsemi, þó ekki fasteignaleiga
77.1			Leiga á vélknúnum ökutækjum
	77.11	77.11.0	Leiga á bifreiðum og léttum vélknúnum ökutækjum
	77.12	77.12.0	Leiga á vörubifreiðum

80

			Öryggis- og rannsóknarstarfsemi
80.1	80.10	80.10.0	Einkarekin öryggisþjónusta
80.2	80.20	80.20.0	Starfsemi við öryggiskerfaþjónustu
80.3	80.30	80.30.0	Rannsóknarstarfsemi

FÉLAGASAMTÖK OG ÖNNUR ÞJÓNUSTUSTARFSEMI (bálkur S)

95

			Viðgerðir á tölvum og hlutum til einka- og heimilisnota
95.1			Viðgerðir á tölvum og fjarskiptabúnaði
	95.11	95.11.0	Viðgerðir á tölvum og jaðarbúnaði
	95.12	95.12.0	Viðgerðir á fjarskiptabúnaði
95.2			Viðgerðir á hlutum til einka- og heimilisnota
	95.21	95.21.0	Viðgerðir á sjónvarps-, útvarps- og hljómtækjum og skyldum búnaði
	95.22	95.22.0	Viðgerðir á heimilistækjum og heimilis- og garðyrkjuáhöldum
	95.23	95.23.0	Viðgerðir á skófatnaði og leðurvörum
	95.24	95.24.0	Viðgerðir á húsgögnum og áklæðum
	95.25	95.25.0	Viðgerðir á úrum, klukkum og skartgripum
	95.29	95.29.0	Viðgerðir á öðrum hlutum til einka- og heimilisnota

Fylgiskjal 2

Frá 1. maí 2013 nær samkomulag ASÍ og SA einnig til atvinnurekenda í eftirfarandi starfsemi, eins og hún er skilgreind í [atvinnugreinaflokkun ÍSAT2008](#):

A LANDBÚNAÐUR , SKÓGRÆKT OG FISKVEIÐAR

01		Ræktun nytjajurta og búfjárrækt, veiðar og tengd þjónustustarfsemi
01.1		Ræktun nytjajurta annarra en fjölærra
	01.13	Ræktun grænmetis og melóna, róta og hnýðis
		01.13.1 Ræktun á aldingrænmeti og papriku
		01.13.2 Ræktun á kartöflum
		01.13.9 Ræktun á öðru ótöldu grænmeti, rótum og hnýði
	01.19	Önnur ræktun nytjajurta sem ekki eru fjölærar
		01.19.1 Blómarækt
		01.19.9 Önnur ótalin ræktun nytjajurta sem ekki eru fjölærar
01.3	01.30	01.30.0 Plöntufjölgun
01.4		Búfjárrækt
	01.46	01.46.0 Svínarækt
01.4	01.47	Alifuglarækt og eggjaframleiðsla
		01.47.1 Alifuglarækt
		01.47.2 Eggjaframleiðsla
	01.49	Ræktun annarra dýra
		01.49.1 Loðdýrabú
01.6		Þjónustustarfsemi við landbúnað og starfsemi eftir uppskeru nytjajurta
	01.61	01.61.0 Þjónustustarfsemi við ræktun nytjajurta
	01.62	01.62.0 Þjónustustarfsemi við búfjárrækt
	01.63	01.63.0 Starfsemi að lokinni uppskeru
	01.64	01.64.0 Vinnsla fræja fyrir sáningu

H FLUTNINGAR OG GEYMSLA

49		Flutningar á landi og eftir leiðslum
49.3		Aðrir farþegaflutningar á landi
	49.39	49.39.0 Aðrir farþegaflutningar á landi

N LEIGUSTARFSEMI OG ÝMIS SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA

79		Ferðaskrifstofur, ferðaskipuleggjendur og önnur bókonarþjónusta
79.1		Starfsemi ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjenda
	79.11	79.11.0 Ferðaskrifstofur
	79.12	79.12.0 Ferðaskipuleggjendur
79.9	79.90	79.90.0 Önnur bókonarþjónusta og tengd starfsemi
81		Fasteignarumsýsla, hreingerningarþjónusta og skrudgarðyrkja
81.3	81.30	81.30.0 Skrudgarðyrkja

S FÉLAGA SAMTÖK OG ÖNNUR ÞJÓNUSTUSTARFSEMI

96		Önnur þjónustustarfsemi
96.0		Önnur þjónustustarfsemi
	96.01 96.01.0	Þvottahús og efnalaugar
	96.02	Hárgreiðslu- og snyrtistofur
	96.02.1	Hársnyrtistofur
	96.02.2	Snyrtistofur
	96.03 96.03.0	Útfararþjónusta og tengd starfsemi
	96.04 96.04.0	Nuddstofur, sólbaðsstofur, gufuböð o.þ.h.
	96.09 96.09.0	Önnur ótalin þjónustustarfsemi

Fylgiskjal 3

Frá 1.september 2024 nær samkomulag ASÍ og SA einnig til atvinnurekenda í eftirfarandi starfsemi, eins og hún er skilgreind í [atvinnugreinaflokkun ÍSAT2008](#):

10.2		Fiskvinnsla
47.1	47.11.1	Matvöruverslanir (ekki stórmarkaðir)
	47.19	Önnur blönduð smásala
81.2		Hreingerningaráþjónusta